



Danska 9. bekkur

| Hæfniviðmið | Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari | Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi | Námsmat |
|---|---|---|--|
| <p>Við lok 9. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Hlustun Skilið talað mál um efni er varðar daglegt líf hans þegar talað er skýrt.</p> <p>Lesskilningur Lesið sér til gagns og ánægju texta sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum.</p> <p>Samskipti og frásögn Beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi í samræðum. Skilið og notað algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur. Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi á skiljanlegu máli.</p> <p>Ritun Skrifað samfelldan texta um þekkt efni, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar, sýnt fram á allgóð tók á daglegum orðaforða, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.</p> | <p>Talar dönsku í kennslustofunni sem nemendur skilja.</p> <p>Notar hlustunarefni námsbóka og annað efni við hæfi.</p> <p>Notar myndefni sem tengist þema námsbóka og daglegu lífi sem geta aukið við orðaforða og ræða á eftir.</p> <p>Kemur á alls konar talæfingum þar sem nemendur æfa að lesa upphátt tveir og tveir saman eða í hópum.</p> <p>Les upphátt texta námsbóka með nemendum.</p> <p>Glósar lykilorð á töflu með nemendum.</p> <p>Notar hugarkort og aðra orðflokkun til að rifja upp orðaforða.</p> <p>Æfir textaskrif sem styður við orðaforða nemenda til þess að geta tjáð sig um daglegt líf sitt og annarra.</p> <p>Kynnir danska menningu fyrir nemendum hvað varðar daglegt líf og fréttir liðandi stundar.</p> <p>Útbýr þemaverkefni þar sem nemendur geta unnið í hópum.</p> <p>Kemur á samskiptum og samvinnu við vinabekk í Danmerkur.</p> | <p>Venjst á að tala tungumálið sjálfur skilji aðalatriði venjulegs talmáls í samtölum tveggja og frásögnum</p> <p>Geti endursagt stutta texta eða frásagnir með aðstoð minnispunkta og hjálparorða</p> <p>Geti flutt stutta, undirbúna kynningu og svarað spurningum í kjölfarið</p> <p>Lesi texta sem eru fjölbreyttir og kynnist mismunandi lestraraðferðum</p> <p>Lesi stuttar greinar, blaðgreinar á léttu máli og léttar smásögur</p> <p>Skrifi stutta texta frá eigin brjósti og noti orðaforða sem hann hefur tileinkað sér</p> <p>Fái þjálfun í notkun orðabóka við lestur og ritun</p> <p>Kynnist danski menningu og jafnaldranemendum í gegnum fjölmiðla, kvikmyndir og tölvusamskipti.</p> <p>Geti sett sér markmið og lagt mat á eigin námsframvindu með stuðningi gátlista og matskvarða</p> | <p>Verkefnamappa 20%: Öll ritunarverkefni sem unnin eru heima ásamt glósubók</p> <p>Vinnubók námsbókarinnar 10%</p> <p>Reglulegt leiðsagnarmat eins og sjálfsmat, jafningjamat og kennaramat 5%: Matslistar sem svarað er í þemavikum eða þegar við á</p> <p>Orðapróf 10%: 15-20 atriða glósupróf tekin í upphafi tíma með reglulegu tímabili yfir haustönnina</p> <p>Samvinnupróf 10%: Ritunarverkefni unnið saman tveir og tveir í tíma</p> <p>Munnlegt próf 20%: Frásögn og samtal út frá eigin texta nemandans eða munnleg skil hóps um ákveðið þema</p> <p>Ritunarverkefni á vorönn 10%: Heimavinna með leiðsagnamati</p> <p>Skriflegt vorpróf 20%: Hlustun, lesskilningur og ritun út frá efni námsbókar</p> |



| | | | |
|---|--|--|--|
| <p><i>Menningarlæsi</i> Þekkir til og skilur allvel danska menningu sem snýr að daglegu lífi og aðstæðum fólks, einkum ungs fólks og getur sett sig í spor þess.</p> <p><i>Námshæfni</i> Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja og bæta sig.</p> | <p>Veitir nemendum leiðsögn og gerir þeim kleift að setja sér markmið og leggja mat á eigið nám.</p> | | |
|---|--|--|--|